

Fræðslustígurinn í Ólafsdal

Stígurinn liggur rangsælis um dalinn, með útúrdúr að landnámskálanum, alls 4 km. Fylgið merkingunum og staldrið við viðeigandi númer til að lesa af þessu blaði um byggingar, jarðræktarminjar og örnefni.



Ólafsdalur um 1900. Horft ofan úr Skál. Torfnátthaginn er neðst til vinstri og matjurtagarðurinn þar niður af í átt að Lindinni. Gamli bæjarhóllinn er fyrir miðri mynd. Húsið við jaðar myndarinnar lengst til vinstri er Tóvinnuhúsið. Nær bænum eru haughús og fjós, þá Suðurhúsið og aftan við skólahúsið er Mjólkurhúsið (Vatnshúsið) og Smiðjan. Skemman neðst við Tröðina og Kvíar lengst til hægri. Handan ár er Kragamelur og Skriðan.

1.

Hér er endurreist Mjólkurhúsið sem Torfi Bjarnason byggði rétt fyrir 1900, einnig kallað Vatnshús. Torfa hafði tekist með fyrirhleðslum að leiða Bæjarlækinn að bænum og hér rann hann gegnum innri hluta

einnig sem útieldhús, m.a. til að sjóða slátur. Inn af þvottahúsini til norðurs var ösku- og sorphús. Við norðurgaflinn stóð þrískiptur kamar. Rétt sunnan við húsið var hluta Bæjarlækjarins veitt með röri í djúpan brunn, undir bíslaginu við skólahúsið, og úr honum dælt upp vatni til heimilisnota.

Norðan við Mjólkurhúsið er nú að rísa endurgerð af hinni sögufrægu smiðju Torfa þar sem smíðaður var fjöldi ljáa, plóga, herfa, kerra, vatnshrúta og fleiri áhalda sem nýtt voru víða um land.



hússins og kældi mjólkina. Um tíma var hér einnig ostagerð. Í fremri hluta hússins var þvottahús með tvennum hlóðum undir miklum pottum. Það nýttist



Næst Smiðjunni er skikinn Smiðjuflöt. Sé litið í austurátt frá Smiðjunni blasir við gamli bæjarhóllinn í Ólafsdal. Enn mótar fyrir götunni upp hólinn hjá matjurtagarðinum sem nú er vestan í honum. Túnið á bæjarhólnum og norðanmegin við veginn heitir Rústavöllur en sunnan vegar er Miðvöllur.

2.

Hér stóð gamla skólahúsið sem Torfi reisti við upphaf skólans; tvílyft timburhús sem síðar fékk nafnið Suðurhúsið.



Veturinn 1895 stórkemmdist það í ofviðri og árið eftir var reist hið mikla skólahús sem enn stendur. Suðurhúsið var lagfært og m.a. nýtt sem smíðahús skólans. Eftir að þakið tók af í illviðri um 1925 var efri hæðin rifin og nýtt þak sett á.



Ármegin við Suðurhúsið má sjá móta fyrir grunni Hjallsins. Hjallurinn var stórt þurrkhús með malarbotni og rimlum í lofti. Hægt var að opna hlera á báðum hliðum til að þurrka þvott.

Túnið neðan við bæjarhúsin, frá heimtröðinni og að fjósinu hér fyrir sunnan, heitir Bæjarflöt. Fyrir neðan barðið hér vestan við rennur Ólafsdalsáin. Þar var mikil bleikjugengd síðsumars og fram á

haust. Dregið var á og síðar veitt á stöng. Bleikjan var m.a. pækilsöltuð til varðveislu.

Nú göngum við áfram til suðurs, inn dalinn.

3.

Hér stóðu veggir af vönduðu 15 kúa fjósi sem Torfi reisti milli 1897 og 1898 að því er fram kemur í átjanda starfsárs skólans. Í suðurenda þess var haughús sem er horfið. Inni í fjósinu var djúpur brunnur. Þangað veitti Torfi hluta af Bæjarlæknum. Sunnan við fjósið var hlaðið haughús, þar sem nú er viðbygging úr tré. Torfi stóð fyrir að fleyga og sprengja með þúðri grjót til húsbygginga, sennilega eru veggirnir hér úr þessari grjótvinnslu Torfa. Nú er unnið af endurreisn hússins af Minjaværnd. Fjóshlaðan stóð sér vestan við fjóströðina, nær ánni, enda vildi Torfi aðskilja hana frá fjósinu vegna eldhættu í heyinu. Við suðurenda hlöðunnar, var hesthús fyrir 12 hesta, hlaðið úr torfi og grjóti og sneri dyrum að ánni. Síðar voru reistar súrheysgryfjur við hlöðuna og má sjá brotin af þeim hér handan við fjóströðina.



Sé litið beint yfir ána blasir við dalverpi, til móts við bæjarhúsin, sem heitir Lambadalur og um hann rennur Lambadalsá út í Ólafsdalsána. Frá Lambadal og inn í Illutungu heitir fjallið Kragi og á móti bænum er Kragamelur þar sem er eitt gjöfulasta veiðisvæði árinna. Niður norðurbrún Kragafjalls, sunnan við Lambadal, er nokkuð greiðfær gönguleið sem heitir Taglið. Norðan og utan við Lambadal heitir fjallið Lambadalshyrna. Þar niður af er Grenishjalli. Niður undan Lambadal heitir Skriða.

4.

Hér eru tóftir hesthúss og hesthússhlöðu sem grafin var í jörðu með steinhlöðnum veggjum. Þegar tvíbýlt varð í Ólafsdal eftir tíma Torfa nýtti annað


heimilið þessi hús sem fjárhús, ásamt húsunum uppi á Háavelli (sjá nr. 7), en hitt heimilið fjárhús Torfa niðri á Eyrartúninu.

Héðan er gott útsýni inn í Ólafsdalinn sem liggur til suðurs. Þar falla Ólafsdalsfossar. Milli Ólafsdals og Hvarfsdals í suðaustri er Þverfjallið. Í miðri hlíð þess er Smjörhjalli og niður af Þverfjallinu heitir Tunga milli ánya. Innst í Ólafsdal má sjá þríhyrnda tungu sem heitir Illatunga. Hún var ekki smöluð heldur beðið eftir að fé skilaði sér þaðan.

Nú göngum áfram til suðurs inn dalinn nálægt barðinu ofan við Ólafsdalsána.

5.

Héðan horfum við niður á grunn Tóvinnuhússins. Inni í Skólahúsinu eru teikningar af þessu tveggja hæða húsi og saga þess sögð, en það brann 1909. Til að knýja hinum fullkomnu tóvinnuvélar, sem Torfi flutti inn, veitti hann hingað hluta af Hvarfsdalsánni og heitir lækurinn Vélalækur, en ofar með ánni Orrustulækur. Við stöndum á brúninni þar sem lækurinn rann frá Hvarfsdalnum og var veitt í tréstokki niður á hverfihjólið við norðurenda hússins. Þaðan lá ás gegnum húsið og reimar drifu vélarnar. Hluti af búnaði tengdum ásnum stendur á grunninum. Þegar horft er eftir greinilegum áveituskurði og farvegi Vélalækjarins upp eftir Hvarfsdalsánni virðist sem Torfi hafi veitt vatninu upp í móti.



Austasti Hvarfsdalsfossinn fellur ofan í Draugaskot en þangað skín aldrei sól. Klettastallar í snarbröttum hlíðum þess eru sagðir draugasætin.

Héðan göngum við um 500 m til suðurs og yfir göngubrú, í átt að víkingaaldarskálanum í Ólafsdal sem fannst 2017.

6.

Hér stöndum við á Torfholti ofan við víkingaaldarskálann í Ólafsdal frá 9.-10. öld. Með fundi hans var staðfest yfir 1000 ára búseta í Ólafsdal. Í nágrenni skálans eru einnig nokkrar aðrar fornar byggingar. Þess má geta að í Landnámu er greint frá því að Ólafur belgur hafi fyrstur numið land í Ólafsdal. Nánari upplýsingar um minjasvæðið og rannsóknir Fornleifa-stofnunar Íslands eru á 1. hæð skólahússins.

Á loftmyndin af skálanum er margt áhugavert að sjá í byggingunni og við hana. Íveruhús hefur verið staðfest, samþyggt skálanum að vestan (sjá skurð A). Langeldur er að koma í ljós undir yngri eldstæðum. Hann hefur verið allt að 4 m langur en norðurendinn hefur verið grafinn burt af þeim sem nýtu húsið á yngri skeiðum. C) Tvær hringlaga gryfjur. Þær voru báðar fóðraðar að innan með þykku lagi af bláleitum jökulleir sem finnst í jarðlögum á svæðinu (stundum kallaður smiðjumór). Hlutverk gryfjanna er óþekkt en leirinn bendir til að þær hafi átt að halda vökva.



D) L-laga veggur hefur verið reistur í krika milli bygginga suðvestast á svæðinu og tilheyrir hann yngsta byggingarskeiði skálans.


Héðan göngum við til baka yfir brúna og þaðan í norðaustur og stefnum á tóftir sem ber í Bæjarhlíðina, í átt að hlöðnum görðum (alls um 700 m).

7.

Við erum stödd á Háavelli. Hér eru leifar af fjárhúsum og fjárhúshlöðu. Minnsta rýmið var hrútakofi. Hænur voru í áföstu húsi næst Hvarfsdalnum. Héðan blasir við Grjótnátthaginn uppi á Kvíahjallanum en hann hlóð Torfi með skólapiltum á upphafsárum skálans. Í suðurhorni hans eru hlaðnir kvíaveggir þar sem ær voru

mjólkáðar. Norðar er Torfnátthaginn, líklega hlaðinn um svipað leiti. Túnið sem liggur héðan til suðurs og vestur að hesthóstóftunum niðri á barðinu (nr. 4), heitir Gullkinn og dregur nafn sitt af þeim ærna kostnaði sem Torfi hafði af því að sléttu það.

Hlíðin frá Grjótánþaga og inn að Hvarfsdal heitir Orrustuhlíð og niður af henni er Orrstuflói. Héðan má sjá greinilega túnsléttu í Orrstuflóanum og tóftir þar við. Þetta er Móhústúnið sem var slegið og síðan breiddur á það mór til þurrkunar úr miklum mógröfum í Orrstuflóa.



Tóftirnir eru af Móhúsínu sem Torfi reisti. Þar var mórimn geymdur og svo sóttur á sleða á vetrum eftir þörfum til kyndingar.

Við höldum í austur að Torfanátthaga.

8.

Hér stöndum við rétt vestan við horn matjurtagarðsins þar sem ræktaðar voru kartöflur og annað grænmeti fyrir hið mannmarga heimili. Garðurinn byrjar uppi undir Torfnátthaganum sem blasir við hér uppi í hlíðina og sést móta fyrir garðinum niður undir þann stað sem við stöndum á.

Uppi í fjallinu fyrir ofan blasir við Skál og þar upp af Efri Skál. Klettabjallinn í fjallinu, sem hefst suður af Sandkúlu á móts við Efri Skál, heitir Langihjalli og gengt er eftir honum inn hlíðina og niður í Hvarfsdal. Klettabjallinn lægra í hlíðinni sem byrjar skammt ofan við Grjótánþaga heitir Litlihjalli. Vinsælt er að ganga upp í Skál enda víðsýnt þaðan. Hlíðin hér ofan við bæinn heitir Bæjarhlíð frá norðurenda Litlahjalla og eins langt og tún ná.

Héðan göngum við stuttan spöl í norður, í átt að bæjarhúsunum.

9.

Þetta er Lindin og héðan var bæjarlæknum veitt að bænum og í gegnum Mjólkurhúsið. Meðan Lindin var í notkun var allt slý hreinsað úr henni reglulega. Til að hreinsa hana var opnaður hleri sem er í Lindinni norðanverðri. Þá tæmdist hún út í frárennslisskurð sem enn er greinilegur. Áhugavert er að fylgja Bæjarlæknum frá Lindinni og niður að Mjólkurhúsi til að sjá hve hugvitsamlega Torfi veitti honum að fjósinu og bæjarhúsunum, m.a. með því að hlaða undir hann.

Túnið sem liggur héðan frá Lindinni, upp með Torfnátthaganum og nær inn í órækt í Bæjarhlíðinni hér norður og austur af heitir Lindarvöllur.

Nú stefnum við í austurátt, inn í Torfnátthaga.

10.

Hér í Torfnátthaganum eru tóftir af fjárhúsum. Líklegt er að hér hafi veriðær í kvíum. Hér upp af er ein greiðfærasta gönguleiðin upp í Skál, sem nú er stikuð. Algengt var að fara með gesti upp í Skál, áfram upp í Efri Skál og ganga svo með brúnum fyrir Hvarfsdal og Ólafsdal og koma niður Taglið við Lambadal handan við ána.

Héðan göngum við í norðvestur á ská upp í Bæjarhlíðina og svo til norðurs undir henni.

11.

Hér neðan við okkur til austurs eru móttveggja langra garða sem eru hluti Flóðveitunnar sem Torfi útbjó. Þeir liggja á ská upp í hlíðarnar til norðurs og suðurs og sameina læki og sitrur í einn læk; Flóðveitulæk, sem rennur milli garðanna. Fyrirkomulag áveitunnar í Ólafsdal er ekki að fullu þekkt. Þó er vitað að þegar hið þrónga skarð milli Flóðveitugarðanna var stíflað með hlera myndaðist lón ofan við það sem gott var að busla í og synda, enda með grasbotni að mestu og volgnaði fljótt í sól.

Niður af Flóðveitunni er myri sem oft var nefnd Mýrarhorn. Skjaldartúnið neðan við mýrarnar skiptist í Efri og Neðri Skjöld um lítinna læk sem rennur um þau og sameinast Bæjarlæknum skammt frá bæjarhúsunum. Í Skjaldartúni eru beðasléttur.

Flóinn þar fyrir neðan og niður að Gildrunesi við veginn heitir Mýrarskjöldur.

Við göngum enn til norðurs og stefnum á Stekkinn, hlaðna garða sem við göngum inn í.

12.

Hér er Stekkurinn sem Torfi og skólapiltar hlóðu úr grjóti að stórum hluta, nema vestast þar sem er torfveggur. Stekkurinn var sleginn en hér nyrst er ílangt hólf sem fé var rekið í úr girðingunni fyrir neðan til að rýja. Eftir rúningu var ánum og lömbunum sleppt út í gegnum hlið til norðausturs.

Við erum nú beint undir Stekkjarhryrnunni til austurs þar sem ernir hafa gjarnan verpt. Af nyrstu brún Stekkjarhryrnunnar er mikið útsýni út Gilsfjörð og alla leið vestur í Stálfjall ofan við Skor.

Héðan göngum við til vesturs, niður Stekkinn.

13.

Grænn hóll hér í Stekkjarmóum neðan við Stekkinn heitir Stráksleiðið en þar er reiðhestur sagður hafa verið heygður með öllum reiðtygjum.

Ólafsdalsjörðin nær vestur Ólafsdalshlíð að Merkjaskriðu en þá tekur Holtahlíð við. Á milli Merkjaskriðu og hæðarinnar Vörðuleiti er Byrgismýri, neðan við Tvíhlíð og þar niður af er Forvaðinn þar sem sæta varð sjávarföllum þegar vegurinn lá um fjöruna. Til austurs nær jörðin að Deild, lítill á sem er sú fyrsta sem komið er að þegar farið er inn fjörðinn í átt að Kleifum, nyrsta bæ í Dalasýslu.

Við göngum niður Stekkjarmóann til vesturs og stefnum á stóran stein, Goðastein.

14.

Goðasteinn stendur hér í túninu Neðri Skildi. Sumir segja hann hafa staðið í hofi landnámsmannsins Ólafs Belgs. Lengi hefur verið talið að hér sé bústaður huldufólks. Í Goðasteini kvaðst Sigurborg Bjarnadóttir, systir Torfa, stundum sjá ljós eftir skyggja tók. Borga, eins og hún var jafnan kölluð, var vinnukona hjá ábúendum í Ólafsdal allt til dánardags vorið 1954 (varð 99 ára).

Handan við veginn eru eyrar Ólafsdalsárinnar. Þar má enn sjá Eyrartúnið sem þótti sérlega gott að slá. Sjávarmegin í því er miklar beðasléttur og þegar túnið er slegið má sjá reglulegar grunnar rásir sem skipta því í reiti. Þarna stóðu lengi aðal fjárhúsin í Ólafsdal sem Torfi reisti en lítið mótar fyrir þeim nú.

Við göngum nú í átt að Skólahúsinu, að minnismerkinu um Torfa og Guðlaugu.

15.

Hér á túninu Steintröð stendur minnismerki Ríkharðs Jónssonar um Torfa Bjarnason og Guðlaugu Zakaríasdóttur konu hans. Styttan var afhjúpuð á Ólafsdalshátíð 1955, á fæðingardegi Torfa, 28. ágúst. Hér rétt sunnan við er hafin endurgerð á hinni veglegu heimtröð að Ólafsdal en Torfi hlóð steintröð sem náði allt frá núverandi hliði og upp að húsi. Áður stóð mikil geymsluskemma fyrir reiðtygi og reiðing neðst við tröðina ármegin en kvíar voru þar norðan við. Hér niður af Steintröðinni til norðurs er lítill túnskiki sem liggur allt niður að veki og var kallaður Skottið.

Nú er stuttur spölur upp tröðina og í Skólahúsið þar sem hægt er að fræðast meira um skólahúsið sjálft, Ólafsdal, skólastarfið, stóran þátt Guðlaugar í sögu og menningu staðarins og lífið hér í dalnum

Texti: Arnar Guðmundsson

Heimildir: Guðmundur Rögnvaldsson, skrár Örnefnastofnunar eftir frásögnum Markúsar Torfasonar og Rögnvaldar Guðmundssonar, Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskólans eftir Játvarð Jökul Júliusson, Bí 1986 og [Fornleifarannsóknir í Ólafsdal](#).